Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2026 - 2027

Námsgrein: stærðfræði

Árgangur: 6. bekkur

Kennari: Erla Þórey Ólafsdóttir

Netfang: erla@klaustur.is

Almennt um kennsluna

Nemendur 5. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í stærðfræði.

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fimm flokkum.

Vinnulag stærðfræðinnar

Tölur og reikningur

Algebra

Tölfræði og líkindi

Rúmfræði og mælingar

Skipulag kennslunnar

Fimm tíma í viku vinna nemendur í vikuáætlun. Nemendur þurfa að vera búin með vikuáætlun í lok hverjar viku. Ef nemendur ná ekki að klára verkefnin í tímum þá þurfa þau að vinna vikuáætlun heima. Einn tími í viku er hugsandi stærðfræði. Markmiðið er að nemendur skilji

hugmyndirnar á bak við reikniaðgerðir fremur en að muna utanbókar reglur. Nemendur fá tækifæri til að prófa mismunandi aðferðir, ræða lausnir sínar við aðra og útskýra eigin hugsun. Með þessu vinnulagi læra þau að nálgast stærðfræðivandamál á skapandi hátt, finna fleiri en eina lausn, og öðlast sjálfstraust í stærðfræðinámi sínu.

Námsgögn

· Stika 2a – nemendabók

-Verkefni frá kennara

-Þrautir

Námsmat

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti jafnt og þétt yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Kannanir eða skilaverkefni verða gerðar í lok hvers kafla þar sem þekking nemenda verður könnuð.

Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Efnisþáttur	Námsefni	Tenging við hæfniviðmið
ágúst	Reikningaðgerðir	Efni frá kennara	
september	**Tölur og reikningur** - Tugakerfi - Námundun - Hugareikningur - Lesa úr tölum - Samlagning - Frádráttur - Neikvæðar tölur - Frumtölur - Margföldun - Deiling	Stika 2a Þrautir Efni frá kennara	tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna leyst þrautir og rökstutt svör, raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur,

			nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum, nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum,
október	**Könnun úr 1. Kafla** **Líkur** - Tilraun og mögulegar útkomur - Líkur - Líkur í daglegu lífi **Námsmat:** **Tilraun með líkur** **Tugabrot** - Tugabrot á talnalínu	Stika 2a Þrautir Efni frá kennara	tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna, leyst þrautir og rökstutt svör, undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði, dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur, reiknað út líkur í einföldum tilvikum.
nóvember	**Tugabrot** -Þúsundustu hlutar - Talnamynstur og tugabrot - Tölur og tölustafir - Námundun og slumpreiningur - Samlagning og frádráttur - Margföldun tugabrota - Slumpreikningur - Margföldun með 10, 100, 1000 **Könnun úr 3. kafla**	Stika 2a Efni frá kennara Þrautir	leyst þrautir og rökstutt svör, unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta, notað tugakerfisritháttt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota, nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum,
desember	**Jólastærðfræði** - **Námsmat:** **Jólastærðfræði**	Stika 2a Efni frá kennara Þrautir	leyst þrautir og rökstutt svör, unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta,